

JÓLABAÐIÐ

Lag og ljóð: Björn Þórarinnsson

Ég er að fara' í sturtu,
því það stendur eitthvað til.
Já stundum er svo gott að vera hreinn.
Hangikjötið komið er í heljarstóran pott.
Ég held ég vilji ekki vera' of seinn.

Ég búinn er að taka til
og tína' upp ruslið hér um bil
og pakka' inn öllum jólagjöfunum.
Nú er bara' að fara' í föt,
ég finna vil ei á þeim göt
því engan langar jólaköttinn í.

Ég er að fara' í sturtu
því það stendur eitthvað til,
nú stekkur inn á gólfið jólasveinn: HÆ, HÆ.

